

Nr. 106

30. október 2014

## LÖG

**um breytingu á lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu,  
með síðari breytingum (reglugerðarheimild, EES-reglur).**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 27. gr. laganna kemur ný grein, 27. gr. a, svohljóðandi:

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um gæða- og öryggisviðmið við veitingu heilbrigðisþjónustu varðandi brotnám líffæra og líffæraígræðslu, meðferð og varðveislu á frumum og vefjum og rekstur blóðbankaþjónustu.

2. gr.

Á eftir 37. gr. laganna kemur ný grein, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

*Innleiðing.*

Með lögum þessum er ráðherra veitt heimild til að innleiða ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/53/ESB frá 7. júlí 2010 um kröfur varðandi gæði og öryggi líffæra úr mönnum sem eru ætluð til ígræðslu, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2013, frá 8. október 2013.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 30. október 2014.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Kristján Pór Júlíusson.*

---

A-deild – Útgáfud.: 6. nóvember 2014